



4. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 4. október 2024
í stofu Vað í Öskju kl. 11:30

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Kolbeinn Hólmar Stefánsson (Teams), Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Drög að dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 4. september 2024.
2. Aukafundur stjórnar, dags. 11. september 2024.
3. Aukafundur stjórnar, dags. 15. september 2024.
4. Aukafundur stjórnar, dags. 25. september 2024.
5. Kjaramál.
6. Bóknanir með stofnanasamningi HÍ, dags. 16. september 2024.
 - i. um yfirvinnu í kennslu, fulltrúar Fh í starfshóp.
 - ii. um launasetningu akademískra starfsmanna, fulltrúar Fh í starfshóp.
 - iii. um laun og starfskjör doktorsnema, fulltrúar Fh í starfshóp.Starfshópur um nýtt fyrirkomulag vegna fæðisfjár og matarmiða, sjá skipunarbréf.
7. Samráðsnefndir félagsins og stofnana.
8. Samnorræn skýrsla um akademískt frelsi.

1-4. Fundargerðir

Fundargerð stjórnarfundar 4. september 2024, samþykkt.

Fundargerð aukafundar stjórnar, 11. september 2024, samþykkt.

Fundargerð aukafundar stjórnar, 15. september 2024, samþykkt.

Fundargerð aukafundar stjórnar, 25. september 2024, frestað.

5. Kjaramál

Rætt almennt um niðurstöðu um kosningu nýs kjarasamnings 16. september 2024 og verkefni stjórnar framundan. Í fundargögnum er m.a. tölvupóstur frá félaga er stafar við stjórnarsýslu þar sem fram kemur mikil óánægja með samþykktan kjarasamning og því beint til stjórnar að kanna mörguleika á skiptingu félagsins milli starfsstétta. Málið rætt. Stjórn sammála því að skoða málið með opnum huga með það að markmiði að bera saman kosti þess og galla, ásamt ýmsum sviðsmyndum s.s. deildarskiptingu. Rætt var um að boða til félagsfundar til að kalla eftir viðhorfum og skoðunum félagsfólks um málið.

6. Bókanir með stofnanasamningi HÍ

Skipa þarf í eftirfarandi starfshópa vegna bókana með stofnanasamningi HÍ í tengslum við nýjan kjarasamning. Þeir eru:

- i. Um yfivinnu í kennslu.
- ii. Endurskoðun á launasetningu akademískra starfsmanna.
- iii. Laun og starfskjör doktorsnema.

Ekki liggur fyrir hvernig skipa á í starfshópum m.t.t. fjölda og/eða milli félaga. Ákveðið var að fulltrúar akademísku starfsfólks í stjórn taki þátt í vinnu í starfshópum i og ii og fulltrúi doktorsnema í stjórn, í vinnuhópi iii.

Baldvin sagði frá fyrsta fundi í starfshópi um nýtt fyrirkomulag vegna fæðisfjár og matarmiða, en hann var skipaður í nefndina sbr. skipunarbréfi frá rektor, 25. september sl. Ljóst er að ekki mun nást að skila niðurstöðum hópsins fyrir 31. október nk. eins og fram kemur í erindinu.

7. Samráðsnefndir félagsins og stofnana

Baldvin sagði frá nýafstaðnum samráðsnefndarfundum með Keldum. Þar var m.a. til umfjöllunar einstaklingsmál, endurskoðun stofnanasamnings og rannsóknarmisseri sérfræðinga.

Trúnaðarmaður Landsbókasafns hefur óskað eftir því að félagið taki upp stofnanasamning við stofnunina.

Undirbúa þarf vel vinnu í samráðsnefnd félagsins og HÍ. Ákveðið var að formaður og framkvæmdastjóri félagsins taki saman lista um þau málefni sem eru óleyst og sendi á stjórn. Boðað verður til fundar fljótlega í samráðsnefnd.

Rætt var um að hafa opinn félagsfund með tilvonandi frambjóðendum til rektors.

Baldvin ætlar að senda fréttabréf á félagsfólk um gang mála í samráðsnefnd Fh og HÍ, í vetur.

8. Samnorræn skýrsla um akademískt frelsi

Árman sagði frá vinnu sem hann hefur tekið þátt í með norrænum kollegum um akademískt frelsi. Nefndin er að leggja lokahönd á skýrslu um akademískt frelsi m.a. um mismunandi stöðu þess á milli landanna. Til stendur að dreifa skýrslunni á þingi Norðurlandaráðs sem haldinn verður í Reyjavík í október nk. Þá stendur einnig til að nefndin taki saman drög úr skýrslunni og skrifi blaðagrein sem verður birt í dagblöðum í öllum löndunum.

Önnur mál:

- Jens vildi vekja athygli á því að hægt er að senda inn tillögur að breytingum á matskerfi opinberu háskólanna til nefndar um matskerfi opinberu háskólanna, þar sem hann situr sem fulltrúi félagsins.
- Jens spyr hvernig ferlið er við að breyta reglum um úthlutun úr vinnumatssjóði, sbr. könnun sem FPR stendur til að gera til félagsfólks, s.s. stígalágmörkum og veldisvísa. Málið rætt lítilega en Baldvin sagði að ef til stendur að breyta þröskuldi í ritlaunasjóði FPR hefði gæti það haft mikil áhrif á útkomu úthlutunar úr vinnumatssjóði Fh.

Fundi lauk 13:15, næsti fundur ákveðinn 6. nóvember kl. 11:45 í Borgartúni 27, 2. hæð.